



Fréttatilkynning

16 December 2021 17:45:00 GMT

Arion banki: Arion banki lýkur útgáfu á grænum skuldabréfum í íslenskum krónum

Arion banki lauk í dag útboði á nýjum grænum skuldabréfaflokki ARION 26 1222 GB fyrir samtals 3.640 m.kr. Um er að ræða fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu bankans í íslenskum krónum. Viðtökurnar voru góðar og voru bréfin seld í lokuðu útboði til breiðs hóps innlendra fjárfesta.

Skuldabréfin eru til 5 ára og bera fasta 4.70% óverðtryggða vexti og einni endurgreiðslu höfuðstóls á lokagjalddaga árið 2026. Skuldabréfin eru gefin út undir grænni fjármálaumgjörð bankans. Í umgjörðinni er með skýrum og gegnsæjum hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast grænar. Frekari upplýsingar má nálgast hér: <https://wwwv2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/graen-skuldabref/>

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipti í Nasdaq Iceland þann 22. desember 2021.

Umsjónaraðili útboðsins var verðbréfamiðlun Arion banka.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Arion banki: Arion banki lýkur útgáfu á grænum skuldabréfum í íslenskum krónum](#)